



Alþingi
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 09.11.2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál.

Samtök atvinnulífsins styðja eindregið að þingsályktunartillagan verði samþykkt sem allra fyrst. Jafnframt er tekið heils hugar undir efni greinargerðarinnar.

Þrátt fyrir að úrskurður Skipulagsstofnunar hafi nú gengið í sömu átt og sá fyrri er afar mikilvægt að ákvörðun ráðherra frá því í lok september verði afturkölluð enda féllu þá úr gildi frestir til að kæra hinn síðari úrskurð Skipulagsstofnunar og ekki þyrfti að bíða nýrrar ákvörðunar ráðherra.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson